Kjarvalsstaðir:

Tveir ungir listamenn sýna

A morgun opna tveir ungir myndlist-
armenn, Arnguhnur Ýr Gylfadóttir
og Hallgrímur Helgason, sýningu á
Kjarvalsstöðum í vestursal og aust-
ursal. Opnunin er kl. 16.00 og þar
munu Bryndís Halla Gylfadóttir,
Áshildur Haraldsdóttir, Bergljót
Anna Haraldsdóttir og Steinunn
Birna Ragnarsdóttir flytja tónlist.
Sýningarnar eru opnar daglega frá
kl. 11.00-18.00 og standa þær til 27.
janúar.

Arngunnur Ýr sýnir sín verk í
austursal Kjarvalsstaða! Hún nefnir
sýninguna „Varanlegar menjar" og
eru verkin unnin á árunum 1989 til
1990 í Amsterdam, Reykjavík og San
Francisco,
Arngunnur Ýr stundaði nám við
Myndlista- og handíðaskóla íslands
1982-1984 og lauf BFA prófi frá San
Francisco Art Institute 1986. Hún
hefur tekið þátt í fjölda samsýninga
í Bandaríkjunum, Evrópu og íslandir

1J.

Arngunnur Yr við eitt verkanna á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

Eitt verka Hallgríms á Kjarvalsstöðum en þema sýningarinnar er mannslík-aminn. —

auk sem hún hefur haldið einkasýn-
ingar hérlendis og vestanhafs.
Síðastliðinn vetur dvaldi hún í
Amsterdam þar sem hún starfaði að
nýju verkefni og er nú nýkominn frá
San Francisco þar sem hún hefur
dvahð í haust.
Myndirnar eru unnar með bland-
aðri tækni. Þar er um að ræða hefð-
bundnar aðferðir í olíumálun jafnt
sem veggmyndir unnar úr viði, gleri,
hári, málmum og ýmsum efnum öðr-
um.

Hallgrímur Helgason sýnir sín
verk í vestursal Kjarvalsstaða. Mál-
verkin á sýningunni eru frá síðustu

fimm árum og svo til öll unnin er-
lendis þar sem Hallgrímur hefur
dvalið, bæði vestan hafs og austan.
Verkin hafa því ekki rerið sýnd áður
hér á landi. Þau lýsa vel þróun lista-
mannsins og sýna hinar mismunandi
túlkanir hans á viðfangsefni sínu
sem haldist hefur að mestu óbreytt
þessi 5 ár og er mannslíkaminn. Má
segja að þema sýningarinnar sé leit
Hallgríms að nýjum leiðum til að
mála þetta hefðbundna mótíf. Einnig
er á sýningunni fjöldi teikningá, eins
konar skýrslur um hugarástand
listamannsins á hverjum tíma.
Sýning þessi er sú viðamesta sem

Hallgrímur hefur haldið hingað til
en hann hefur áður tekið þátt í fjölda
samsýninga heima og erlendis og
haldið 10 einkasýningar á íslandi og
tvær í Boston og New York.
Hallgrímur stundaði nám vð MH
árin 1976-1979, MHÍ 1980-1981 og
Listakademíuna í Miinchen 1981-82.
Síðan 1983 hefur Hallgrímur starfað
sem myndlistarmaður og rithöfund-
ur og fyrir síðustu jól kom kom út
hans fyrsta skáldsaga, I.Hella". Und-
anfarin tvö ár hefur hann einnig
stjórnað „Útvarp Manhattan" á rás 2.

Þrennir Kalda-lóns - tónleikar

Næstkomandi sunnudag, 13. jan-
úar, eru liðin 110 ár frá fæðingu Sig-
valda S. Kaldalóns tónskálds. Af því
tilefni murru Karlakór Keflavíkur og
Kvennakór Suðurnesja ásamt ein-
söngvurum halda Kaldalóns-tón-
leika á þ'remur stöðum.
Fyrstu tónleikarnir verða á laugar-
dag í Langholtskirkju og hefjast þeir
kL 17.00. A sunnudag verða tónleikar
í Ýtri-Njarðvíkurkirkju og hefjast
þeir kl. 20.30 og loks verða tónleikar
á mánudagskvöld í Grindavíkur-
kirkju og hefjast þeir einnig ki. 20.30.
Aðgöngumiðar verða seldir við inn-
ganginn.
Á tónleikunum verða fyrst og
fremst flutt lög eftir Sigvalda S.
Kaldalóns, bæði þekkt verk eftir
hann og önnur sem aldrei heyrast
enda af nógu aö taka þar sem Sig-
valdi samdi yfir 200 tónverk á ferli
sínum. Þá verða einnig flutt fáein lög

eftir Selmu Kaldalóns, dóttur hans,
og loks verða flutt-lög eftir Sigvalda
Snæ, sem er sonarsonur tónskálds-
ins og sjálfur tekinn aö semja lög.
Sigvaldi Snær er jafnframt kórsfjóri
á tónleikunum.
Sigvaldi Kaldalóns var fæddur í
Reykjavík 13. janúar 1881, sonur
hjónanna Stefáns Egilssonar múrara
og Sesselju Sigvaldadóttur ljósmóð-
ur. Hann var elstur fjpgurra bræðra
sem á legg komust. Kunnastur
bræðra hans var Eggert rithöfundur
og söngvari en í desember síðastliðn-
'um var þess einmitt minnst í fjöl-
miðlum að hundrað ár voru frá fæð-
ingu hans.-Héldu þeir Eggert og Sig-
valdi oft „Kaldalóns-tónleika" fyrr á
öldinni við góðar undirtektir.
Sigvaldi lauk stúdentsprófi frá
Menntaskólanum í Reykjavík árið
1902 en þegar á menntaskólaárunum
átti tónlistin hug hans allan. Sigvaldi

lauk embættisprófi í læknisfræði
1908. Var síðan við framhaldsnám í
Danmörku í eitt ár og þar kynntist
hann danskri hjúkrunarkonu, Karen
Margrethe Mengel-Thompsen og
giftu þau sig haustið 1909. Hann varð
fyrst héraðslæknir í Nauteyrarhér-
aði og sat að Ármúla við ísafjarðar-
djúp. Þar tók hann sé ættarnafnið
Kaldalóns árið 1916 og sama ár kom
út fyrsta heftið með sönglögum hans.
í ísafjarðardjúpinu var Sigvaldi í tólf
ár og þar urðu til mörg af þekktustu
lögum hans. Því næst lá leiðin til
Flateyjar á Breiðafirði þar sem hann
var læknir á árunum 1926-29. Loks
var hann héraðslæknir í Keflavíkur-
læknishéraði með búsetu í Grinda- •
vík. Þar bjuggu þau hjónin í fimmtán
ár. Sigvaldi átti viö heilsuleysi að
stríða síðustu ár ævi sinnar og lést
árið 1946. Ekki mun ofmælt að Sig-
valdi S. Kaldalóns sé eitt ástsælasta

Á sunnudag eru liðin 110 ár frá fæðingu Sigvalda Kaldalóns og verður
þess minnst með þrennum tónleikum.

tónskáld íslensku þjóðarinnar og
hvert íslenskt barn þekkir lög eins

og „Á Sprengisandi", „Nóttin var sú
ágæt ein" og „ísland ögrum skorið".